

Hafnarfjarðarbær og HS Orka hf., hér eftir nefndir „aðilar“, gefa út eftirfarandi:

VILJAYFIRLÝSING

Um samstarf um rannsóknir og nýtingu ferskvatns og jarðhita í Krýsuvík

Hafnarfjarðarbær er eigandi Krýsuvíkur sem er verðmætt útivistar- og ferðamannasvæði og býr auk þess yfir einum vænlegasta kosti sem til er til framtíðaruppbyggingar hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu og styrkingar á afhendingaröryggi hennar.

HS Orka hf. rekur tvö orkuver á Reykjanesi þar sem fyrirtækið hefur yfir fjögurra áratuga reynslu af uppbyggingu á fjölnýtingu auðlindastrauma í Auðlindagarði HS Orku. Auðlindastraumarnir eru m.a. gufa, koldíoxíð, jarðsjór og ylsjór sem nýttir eru til grænna orkulausna, ræktunar, eldis og matvælaíðnaðar auk ferðamennsku. Auk þess aflar HS Orka ferskvatns og framleiðir heitt vatn og rafmagn fyrir veitur sveitarfélaga á Suðurnesjum. HS Orka hf hefur rannsóknarleyfi Orkustofnunar í Krýsuvík til 31. október 2025.

Aðilar ráku saman um skeið félagið Suðurlindir til að halda utan um samstarf þeirra um rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda í landi Krýsuvíkur. Félagið var síðar lagt niður og við tók samstarfsyfirlýsing sem þáverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar og forstjóri HS undirrituðu 30. mars 2006.

Aðilar telja mikilvægt að halda áfram samstarfi um rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda í landi Krýsuvíkur án þess þó að það komi niður á náttúru eða aðdráttarafli svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæði. Aðilar eru því sammála um eftirfarandi:

- Að vinna áfram að hugmyndum um nýtingu auðlinda á svæðinu sem, auk öflunar jarðhita og ferskvatns, fælist í uppbyggingu á vistvænni ferðaþjónustu og orkutengdri starfsemi og hvernig þetta samræmist opinberum áherslum og áformum innanlands og alþjóðlega um græna iðngarða, hringrásarhagkerfi, áherslum Sameinuðu þjóðanna auk markmiða um minnkun kolefnislosunar og kolefnisbindingu.
- Að meta áhrif af starfsemi orkuvers og hvernig best megi staðsetja það og fella að aðstæðum á svæðinu og einkennum þess.
- Að hafa að leiðarljósi að náttúrusérkenni og menningarminjar njóti sín sem best og öllu raski á svæðinu verði haldið í lágmarki.
- Að hafa til hliðsjónar, eða taka mið af, reynslu af uppbyggingu og rekstri Auðlindagarðs HS Orku auk annarra dæma erlendis sem innanlands gætu verið leiðarljós.
- Að kynna fyrir almenningi og hagsmunaaðilum möguleika svæðisins og afmarkaðra hluta þess.
- Að vinna sameiginlega að því að bæta aðstöðu á svæðinu, fegra og bæta umhverfið og útbúa fræðsluefni tengt svæðinu sem nýst geti í kynningarstarfi.
- Að vinna sameiginlega að öðrum málum sem stuðla að jákvæðum áhrifum á svæðinu.

Til að geta staðið við rannsóknaráætlun og vinna ofangreindu brautargengi munu aðilar koma á samningi aðila um heimild til rannsókna og nýtingar auðlindaréttinda, hér eftir nefndur „Nýtingarsamningur“. Aðilar munu kappkosta að koma á Nýtingarsamningi sem fyrst en hann er forsenda þess að djúp rannsóknarhola verði boruð til staðfestingar nýtanlegrar jarðhitaauðlindar í Krýsuvík. Borunin er áformuð á næsta ári, árið 2023 og hún er í forgrunni rannsóknaráætlunar.

Aðilar munu koma á fót samstarfshópi sem vinna skal að framgangi mála sbr. þessa viljayfirlýsingu.

Aðilar skulu hvor um sig bera þann kostnað sem til fellur hjá hvorum um sig vegna viljayfirlýsingar þessarar og alls kostnaðar í tengslum við frekari samningsgerð.

Yfirlýsing þessi gildir til loka rannsóknartímabils, 31. október 2025, eða skv. samkomulagi aðila.

Yfirlýsing þessi lýsir markmiðum og sameiginlegum skilningi aðila en er á engan hátt skuldbindandi fyrir aðila hennar.

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við viljayfirlýsingu þessa, skulu þeir leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín á milli. Náist slíkt samkomulag ekki, er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Viljayfirlýsing þessi er gerð í tveimur eintökum, eitt fyrir hvorn aðila og undirrituð af löglegum fulltrúum aðila í viðurvist tveggja vitundarvotta.

[Staður], dd

F.h. HS Orku hf.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun aðila (nafn og kt.):